

Sjötti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn miðvikudaginn, 22. febrúar 2012, kl. 19:30 hjá Björk Einisdóttur að Grenibygð 22, Mosfellsbæ.

Fyrirlesari: Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

Tekið fyrir:

1. **Formaður Kristín Jónsdóttir setti fund kl. 19:40** og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi, bauð konur velkomnar og hafði nafnakall. Alls sóttu 24 konur fundinn; Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Aðalbjarnar yngri, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir.

Formaður afhenti óskaði Svönu til hamingju með 60 ára afmælið og færði henni afmælisgjöf.

2. **Ýmis mál.** Formaður minnti á næsta fund þann 22. mars nk. í Myndlistarskólanum í Reykjavík. Þá verða konur í Lambdadeild gestir okkar. Hún minnti einnig á landssambandsþingið 28. apríl sem fram fer í Þjóðmenningarhúsinu og alþjóðasambandsþingið í New York 28. júlí.

3. **Orð til umhugsunar.** Jóhanna Einarsdóttir sagði frá Educational Award Committee á vegum alþjóðasamtakanna sem hún situr í en nefndin velur bækur eftir konur til að verðlauna árlega og geta verið um hvaða efni sem er. Forlög senda þeim bækur. Jóhanna sagði frá nokkrum bókum sem nú eru til skoðunar hjá nefndinni og lýsti ferli við að velja verðlaunabækur.

4. **Gestur fundarinsvar Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.** Formaður kynnti gestinn. Sigríður Lillý er með BS gráðu í eðlisfræði og MS gráðu í vísindasögu og stundaði um tíma nám í endurhæfingarverkfræði. Hún hefur verið kennari og starfað í félagsmála- og utanríkisráðuneytinu. Hún var ein af stofnendum Kvinnalistsans, var varaþingmaður árið 1993, starfaði í Samtökum kvenna á vinnumarkaði og var formaður Kvenréttindafélags Íslands.

Sigríður Lillý flutti okkur síðan fyrirlestur um takt tilverunnar, tímaskort, tæknina og áhrif hennar á heilsuna. Hún talaði um miklar kröfur um hraða og aukna framleiðni, samfélagsbreytingar og kvunndagstækni sem á að spara tíma en samt er stöðugt tímaleysi. Hún tengdi þessa þróun við aukna örorku sem eykst frá ári til árs. Sigríður Lillý spurði hvort einhver kallaði eftir þessari tækni. Hún taldi hana frekar verða til sem markaðsvörur sem kallaði fram þörf, væri eitthvað sem allir þyrftu að eiga því þeir yrðu annars útundan. Svo svarar tæknin stundum annarri þörf og breytir allt öðrum hlutum. Dæmi þar um er fjarstýring á sjónvarpi sem var markaðssett án þess þörf væri fyrir hana en hún varð síðan til þess að fólk fór að vafra á milli rása þegar eitthvað var rólegt í sjónvarpinu. Þetta varð svo til þess að sjónvarpsþættir urðu hraðari og hraðari, sbr. Bráðavaktina. Þessi mögnun hraðans hefur mælst, varð veruleg breyting, það má sjá ef við skoðum gamlar myndir. Þessi hraði hefur svo flust yfir á kvikmyndir og barnaefni. Tækin eiga að spara tíma en þau éta tímann upp. Hraðinn í tölvutækninni tvöfaldast á 1,5 ára fresti samkvæmt lögmáli Moore's (frá 1965). Það er tilbúin þörf að hlutirnir gerist svona hratt. Hraðinn hefur áhrif á heilsuna, eykur lífstíð og tekur yfir líf okkar.

Í okkar náttúrulega lífi þarf tíma, búa til nærveru, kenna og annast fólk, sbr. kvinnastörf sem verða útundan. Andleg örorka vegna andlegra sjúkdóma hefur nú tekið yfirhöndina yfir stoðkerfaörorku og konur eru mun fjölmennari í þessum hópi en karlar. Sigríður sagði frá tilgátunni um að í okkur væru fjórir þættir, sá sem skipuleggur, sá sem lætur sig detta eitthvað í hug, sá sem vinnur verkin og sá sem þarf sífellt að afla sér þekkingar. Nú vilja menn gera allt og allt í einu, læra meira og meira. Þegar álagið verður of mikið gefst „skipuleggjandinn“ upp, en það er ekki sýnilegt. Sumir upplifa sig óþarfa í samfélaginu, verða utan gátta. Til að njóta lífsins þurfum við tíma. Sigríður Lillý endaði á tilvitnun í Hávamál um að hætta aldrei að vera manneskja.

Fyrirspurnir og umræður fylgdu á eftir hléi fyrir kaffi og veitingar. Rætt var um hvað valdi örorku, hvort einhverjir svíki í þeim efnum, áhrif langtímaatvinnuleysis, tímasparnað af sjálfvirkum þvottavélum eða ekki o.fl.

Fundarslit. Formaður þakkaði fyrirlesara áhugavert og vekjandi erindi og færði henni rós að gjöf. Einnig afhenti hún húsráðanda rós að venju. Formaður fór yfir verkefni uppstillingarnefndar og setu í henni og sleit síðan fundi þegar konur höfðu tekið lagið.

Lestri fundargerðar síðasta fundar var frestað vegna tímaskorts.

Fleira ekki tekið fyrir, fundir slitið um kl. 19.30,

GGÓ fundarritari.